

Fram að þeim tíra hafði söfnuðurinn haldið samkomur sínar og guðsþjónustur í húsi, er byggt var haustið 1892 og stóð á horninu á Nena og Pacific strætum norður í bænum. Húsi því var komið upp undir forstöðu séra Björns heitins Péturssonar og konu hans, Jennie E. Pétursson, er fyrst stofnuðu þennan söfnuð.

Það var fyrst nokkru fyrir 1890 að byrjað var á unitarisku trúboði hér meðal Íslendinga, og var séra Björn heitiinn aðalforögöngumaður þess. Hann hafði flutt snemma hingað vestur og var annar aðalstuðningsmaðnr þess, að Dakota byggð Íslendinga hófst. Hann var þá hniginn að aldri, er hann kom hingað vestur, en ungur og frjálst í anda.

Í umstangi því, er nýlendulífið hafði í för með sér, tókst hann á hendur fjölda margar ferðir til ýmissa staða, og meðal annars fór hann alloft til borganna Minneapolis og St. Paul. Þar komst hann í kynni við skáldið Kristofer Jansen, er þá hafði á hendi trúboð unitarískt meðal Norðmanna í Minnesota. Árið 1887 birtust tvær ritgjörðir af ræðum Kristofers Jansens í Íslenzkri þýðingu eftir Björn Pétursson.

Rit þessi voru „Mótsagnir Orþodoxíunnar“ og „Guð Gyðinga og guð kristinna manna.“ Árið 1889 gaf hann enn út einn bækling, „Um þrenningarlærdóminn“, þýddan úr ritum Krist. Jansens, og tveim árum síðar sunnudagsskólabók Dr. Savage, „Katekismus Unitara“. En svo fór að fækka um ritgjörðir hans, enda fór þá tíminn að styttest fyrir honum, því eftir langvarandi sjúkdóm andaðist hann að áliðnu sumri 1893. Lík hans var flutt til N. Dak. og hann jarðsettur þar að Mountain. Þar syðra voru flestir ættingjar hans, og þar bar honum að bera beinin, í skauti þeirrar byggðar, er hann var einn aðal frumherji að— í skauti þeirrar feegurstu byggðar, er Íslendingar eiga hér fyrir vestan haf. Þar var og líka gott að vera— þar var frjálst.

Hann var jarðsunginn af tveimur prestum lúterska kyrkjufélagsins. En það var að eins lík hans, sem var lagst til moldar. Starf hans mun lifa margan í hel, er nú ber hátt höfuð.

Það var dapur dagur fyrir Unitara í Winnipeg, þótt í fundargerðabók safnaðarins frá þeim tíma geti þeir hvergi um lát